

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SNYRTISTOFUR OG SKYLDA STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttar, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur fyrirtækja sem veita persónulega þjónustu s.s. hársnyrtingu, snyrtingu, fótssnyrtingu, förðun, trimmform, nudd, naglaásetningu, leirvafninga og aðra sambærilega starfsemi. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminni.	941/2002 13. og 14. gr.
1.3	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr. 536/2001
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 3. og 14. gr.

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið, umgengið og þrifið.	941/2002 14. gr.
2.2	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14. gr.
2.3	Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrífa.	941/2002 14. gr.
2.4	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og lofræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.
2.5	Læst og lofræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.	941/2002 14. gr.
2.6	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúnni snyrtingu. Um	941/2002

fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti.	15. gr.	
Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötum með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrífa. Loftræsting og birta skulu vera fullnægjandi.		
2.7 Fatahengi þarf að vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.	941/2002 14. gr.	
2.8 Fyrir hvern aðgerðarstól skal ekki vera minna en 5 m ² gólfrymi.	941/2002 44. gr.	
2.9 Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í vinnurými.	941/2002 43., 44. og 45 gr.	
2.10 Borð og þvottalaug skal vera til staðar til þvotta og sóttihreinsunar á áhöldum og/eða fyrir meðhöndlun sterkra efna.	941/2002 43. gr.	
2.11 Þar sem notuð eru margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavina skal vera til staðar útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda.	941/2002 43. gr.	
2.12 Á hársnyrtistofu skulu annars vegar vera sérstakar þvottalaugar til hárþvotta og hins vegar sérstakar laugar til blöndunar efna.	941/2002 44. gr.	
2.13 Á fótsnyrtistofum og nuddstofum skal vera aðgengi að skolvaski.	941/2002 44. og 45. gr.	
2.14 Á nuddstofum skal vera baðaðstaða fyrir viðskiptavini þar sem við á.	941/2002 45. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

	Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrifin daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.	
3.2 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.	
3.3 Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo við að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum.	941/2002 43. gr.	
3.4 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar.	941/2002 19. gr.	
3.5 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.	Lög nr. 6/2002	

4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 43. gr.	
4.2	Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð og pökkuð á viðurkenndan hátt.	941/2002 43. gr.	
4.3	Hrein og sótthreinsuð eða dauðhreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Nota skal einnota dauðhreinsuð áhöld og búnað þar sem því verður við komið.	941/2002 43. gr.	
4.4	Ef upp kemur sjúkdómur eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist fyrirtækinu ber að tilkynna atvikið til heilbrigðisyfirvalda, þ.e. sóttvarnarlæknis eða yfirlæknis heilsugæslu.	941/2002 43. gr.	

5. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	


6. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Lóð í kringum húsnæði skal vera frágengin og henni haldið hreinni.	941/2002 14. gr.	
6.2	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	
6.3	Frágangur sorpíláta skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.	
6.4	Oddhvössum hlutum, s.s. nálum og rakvélablöðum ásamt spilliefnum og umbúðum þeirra skal koma til viðeigandi förgunar.	806/1999	
6.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefnna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 04.01.2018



Kristín Linda Árnadóttir